

Ed.

658. Nefndarálit

[124. mál]

um frv. til laga um Tækniskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Í lok greinarinnar bætast orðin:
og skal þegar á næsta skólaári hefja þar starfrækslu á raungreinadeild.
2. Á eftir 13. gr. komi bráðabirgðaákvæði:

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný lög-
gjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi.
Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tæknihá-
skóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla
Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðherra skal jafnframt láta rann-
saka ýtarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á
Akureyri.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingar-
tillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 26. apríl 1972.

Ragnar Arnalds,
form.
Auður Auðuns.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr.
Björn Jónsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
frsm.
Steingr. Hermannsson.